

7.október 2022
Þingskjal 154 – 153.mál
Umbeðin umsögn vegna frumvarps til breytinga
á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr 36/1993.



TRÉ LÍFSINS

Tré lífsins- bálstofa og Minningagarðar ses.
Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir
Skólatún 6
225 Garðabær

1. Stjórn Tré lífsins- bálstofa og Minningagarðar ses leggst gegn því að 1.gr. lagabreytingartillögunnar um að fella á brott 3.másl. 1.mgr. 9.gr. laga 36/1993 verði samþykkt.

„Bálfarafélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn mann og annan til vara til jafnlangs tíma í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma.“

Rökstuðningur:

Stjórn Tré lífsins leggst gegn því að grein um Bálfarafélag Íslands og heimild þess til setu í Kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma verði felld úr lögum 36/1993 á grundvelli þess að félagið hafi ekki verið starfrækt í um 60 ár þar sem að slíkt félag er starfandi og hefur verið síðan sumarið 2021.

Bálfarafélag Íslands var endurvakið til þess að styðja við stofnun Trés lífsins og verða aðili máls í bálfaramálum á Íslandi þar sem illa hafði gengið fyrir stjórnendur Trés lífsins að fá áheyrn frá yfirvöldum. Samkvæmt lögum 36/1993, sem sett eru eftir að hið upprunalega bálfarafélag var stofnað **og** lagt niður, er gert ráð fyrir því að annað slíkt félag gæti verið stofnað síðar.

Félagið var endurvakið með samþykki afkomenda stofnenda Bálfarafélagsins hins eldra og voru Tré lífsins og Bálfarafélag Íslands og tenging þessara félaga kynnt á opnum fundi þann 23.september 2021¹.

Dómsmálaráðuneytið leggur svo fram lagabreytingu í Samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2022, eftir að hafa verið tilkynnt um endurvakningu félagsins, án þess að láta stjórnendur Bálfarafélagsins vita, þar sem lagt er til að fella félagið úr lögum þegar Bálfarafélagið er með erindi á borði ráðuneytisins. Þetta lítur út fyrir að vera gert til þess að koma í veg fyrir að Tré lífsins, með stuðningi frá Bálfarafélagi Íslands, geti orðið að veruleika og þar með komið í veg fyrir það að á Íslandi rísi óháð bálstofa þar sem almenningur getur haft aðkomu að málum.

¹ <https://www.facebook.com/trelifsins/videos/1063195234490332>

Það að ætla að breyta lögnum núna, eftir að búið er að endurverkja Bálfarafélag Íslands til þess að styðja Tré lífsins, er ekkert nema eftirá gjörningur og stjórnsýsluleg fantabrögð af hálfu dómsmálaráðuneytisins.

2. Stjórn Tré lífsins leggst gegn 2.gr lagabreytingatillögunnar um að breytingar verði gerðar á 5.mgr. 40.gr. laga 36/1993

„Lagt er til að færa reikningshald Kirkjugarðasjóðs frá skrifstofu biskups til Kirkjugarðaráðs og að birta reikninga sjóðsins á vef Kirkjugarðaráðs í stað Stjórnartíðinda.“

Rökstuðningur:

Stjórn Tré lífsins leggst gegn því að reikningshald Kirkjugarðasjóðs verði fært frá skrifstofu biskups til Kirkjugarðaráðs, enda er það ekki til þess fallið að auka gagnsæi á ráðstöfun á almannafé. Eðlilegra er að halda reikningshaldi innan skrifstofu biskups og birta reikninga kirkjugarðasjóðs á vef Stjórnartíðinda eins og verið hefur, enda heyra kirkjugarðarnir og kirkjugarðaráð undir biskup.

3. Stjórn Tré lífsins leggst gegn því að 3.gr. laganna verði samþykkt um að 50.gr. Laga 36/1993 verði felld á brott.

„Um reglugerðir varðandi líkbrennslu skal einnig leita tillagna Bálfararfélags Íslands ef því er að skipta.“

Rökstuðningur:

Eðlilegt er að Bálfarafélag Íslands fái til umsagnar mál sem snúa að breytingum á reglugerðum er varða líkbrennslu á Íslandi enda það félag **opið almenningi sem er áhugafólk** um bálfarir og félagskjörin stjórn stýrir félaginu. Að öðru leyti er vísað til rökstuðnings um undarlega stjórnsýslu varðandi Bálfarafélag Íslands í lið 1.

Virðingarfyllt,

Stjórn Trés lífsins

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, Gunnar Hersveinn, Silja Úlfarsdóttir, Arnar Sveinn Geirsson, Margrét Jónsdóttir Njarðvík og Sigurður Páll Hauksson.



TRÉ LÍFSINS